



Orlofskostir sumarið 2024

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2024



Félagsmenn eru hvattir til að sækja um rafrænt á heimasíðu félagsins, www.vlfa.is. (félagavefur)



Þjóðbraut 1 - 300 Akranes - Sími: 430 9900 - Netfang: vlfa@vlfa.is

Opnunartími: mán - fim 8-16, fös 8-15:15

www.vlfa.is



Birkihlíð 11, Húsafelli

VLFA festi kaup á mjög góðu húsi í Húsafelli núna í vor. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, tvö með hjónarúmum og eitt með kojum. Einnig er svefnloft með hjónarúmi og auka dýnum. Eldhús og stofa eru í opnu rými. Húsið er vel búið flestum þægindum og búnaði fyrir amk.10 manns. Góður pallur er við húsið.



Birkihlíð 6, Húsafelli

Í Húsafelli á félagið glæsilegt og rúmgott hús við Birkihlíð 6. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi með hjónarúmum ásamt gestahúsi með hjónarúmi og svefnsófa. Húsið er vel búið flestum þægindum og búnaði fyrir 10 manns. Góður pallur er við húsið.



Ásendi 10, Húsafelli

Í húsi félagsins að Ásenda 10 eru 2 svefnherbergi, tvíbreið rúm í báðum, og svefnloft. Það er búið flestum þægindum og búnaði fyrir 8 manns. Bústaðurinn var alveg tekinn í gegn að innan í ársbyrjun 2020. Nýjar innréttingar og gólfefni.

Góður pallur er við húsið.



Ásendi 9, Húsafelli

Ásendi 9 er með tveimur svefnherbergjum og stóru alrými. Í hvoru svefnherbergi eru hjónarúm. Aukadýnur eru til staðar. Búnaður er fyrir allt að 8 manns. Góður pallur er í kringum bústaðinn.

Gestahús endurnýjað 2024



Hraunbrekkur 2, Húsafelli

Verkalýðsfélag Akraness festi kaup á bústað í Hraunbrekkum í Húsafelli í fyrrasumar. Í bústaðnum eru tvö svefnherbergi með tvíbreiðum rúnum og svefnloft, stofa og eldhús eru í opnu rými. Búnaður er fyrir 6 manns. Góður pallur er við húsið.

Í öllum ofantöldum bústöðum eru garðhúsgögn,
gasgrill og heitur pottur

Ölfusborgir



Bústaðinn okkar í Ölfusborgum kannast margir við, en hann er mjög vinsæll hjá félagsmönnum okkar. Í honum eru tvö svefnherbergi, bæði með hjónarúmi en að auki er 90 cm breitt rúm í öðru þeirra. Stofa og eldhús eru í opnu rými og frábær pallur Búnaður er fyrir 6 manns.

Þjónustumiðstöð er á svæðinu og stutt að fara að skoða ýmsar náttúruperlur suðurlands.

Hraunborgir í Grímsnesi



Bústaðurinn var allur tekinn í gegn í febrúar 2021 Sumarhúsabyggðin í Hraunborgum er vel gróin, með þjónustumiðstöð og sundlaug. Húsið er svokallaður A-bústaður og við hann er stór og lokaður pallur. Á efri hæð eru tvö herbergi annað mjög lítið með hjónarúmi en fremra herbergið er opið rými með tveimur 90 cm rúmum, en ekki með hurð. Búnaður er fyrir 6 manns.

Berjabraut 10, Kjós



Í Kjós á félagið stórt og gott orlofshús sem byggt var 2005. Húsið er 83 m² með tveimur svefnherbergjum og rúmgóðu lofti. Í svefnherbergjum eru tvíbreið rúm og á loftinu er eitt tvíbreitt rúm og tvær aukadýnur. Búnaður er fyrir 8 manns. Góður lokaður pallur er við bústaðinn og er hann að hluta yfirbyggður.

Efstiás 11, Svínadal



Í Svínadal á félagið orlofshús við Efstaás í Eyrarskógi. Um er að ræða rúmgott hús byggt árið 2002 sem stendur í fallegu umhverfi í landi Kambshóls í Svínadal. Húsið er á tveimur hæðum, uppi eru tvö svefnherbergi, tvíbreitt rúm er í öðru og tvö einbreið í hinu. Eitt herbergi með tvíbreiðu rúmi er á neðri hæð. Búnaður er fyrir 8 manns.

Hornsteinn við hótél Glym í Hvalfirði



Um er að ræða afar glæsilegan 70 fermetra bústað sem byggður var árið 2010 sem einn af sex bústöðum sem Hótél Glymur var með í útleigu. Bústaðurinn er með tveimur svefnherbergjum sem bæði eru með aðgengi að salerni og sturtu. Það er góð svefnaðstaða fyrir fjóra, auk barnarúms. Borðbúnaður er fyrir 8-10 manns. Við húsið er góður pallur með frábæru útsýni.

Í öllum ofantöldum bústöðum eru garðhúsgögn,
gasgrill og heitur pottur



Furulundur 8, Akureyri

Félagið á þrjár nýuppgerðar íbúðir í Furulundi 8 á Akureyri. Allar íbúðirnar voru endurnýjaðar, 2021-2022. Í íbúðunum eru 2 svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir 4 í herbergjum og hægt að fá gestarúm og barnarúm. Búnaður er fyrir 5 manns. Gasgrill og garðhúsgögn eru á stórum svölum.

Illugastaðir



Í sumar geta félagsmenn VLFA dvalið í orlofshúsi á Illugastöðum í Fnjóskadal, en það hús er í eigu Framsýnar stéttarfélags. Húsið er 48 m², með tveimur svefnherbergjum og eru sængur fyrir 8 manns. Heitur pottur er á palli. Á heimasíðu Framsýnar er hægt að skoða myndband frá svæðinu

Lyklar eru afhentir á staðnum gegn framvísun leigusamnings.



Félagsmenn VLFA geta keypt hjá okkur 25.000 kr. gjafabréf í flug með bæði Icelandair og PLAY og greitt einungis 19.000. kr fyrir og einn orlofspunkt. Félagmenn geta keypt allt að fimm gjafabréf á hverju almanaksári



Félagsskírteini er nú hægt að nálgast á vlfa.is

Til að ná í félagsskírteini þarf að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum.

Útilegukortið/Veiðikortið 2024

Félagsmenn geta keypt Útilegukortið og/eða Veiðikortið 2024 á skrifstofu félagsins með 50% afslætti.

Íslandshótel

Félagsmenn geta keypt gjafabréf á Íslandshótel á skrifstofu félagsins. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.vlfa.is.

Umsóknarfrestur fyrir sumarúthlutun er til 15. apríl 2024, úthlutun fer fram þann 16. apríl.

Eindagi fyrri úthlutunar er 1. maí, endurúthlutun fer svo fram 2. maí 2024.

Skiptidagar í orlofshúsum félagsins eru miðvikudagar.

Við minnum á að í stað þess að skila inn umsókn er hægt að sækja um orlofshús á Félagavefnum og eru félagsmenn eindregið hvattir til þess. Félagavefurinn er aðgengilegur á www.vlfa.is og þar er hægt að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða fá lykilorðið sent í netbanka.